

Nd.

## 23. Frumvarp til laga

[23. mál]

um breyting á lögum nr. 89 17. desember 1966, um framleiðnisjóð landbúnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

### 1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Á árunum 1972—1976 skulu greiddar úr ríkissjóði til framleiðnisjóðs kr. 50 milljónir, kr. 10 milljónir hvert ár.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins var stofnaður með lögum nr. 89, 17. desember 1966. Hlutverk sjóðsins skyldi vera að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Mátti jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir, er miðuðu að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, svo og framkvæmdir, er stefndu að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innalands og utan á hverjum tíma. Lán og styrki mátti m. a. veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana. Stofnframlag sjóðsins skyldi vera 50 m.kr. Af þeirri upphæð skyldu 20 m.kr. greiðast á árinu 1966 og vera ráðstafað að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins til vinnslustöðva landbúnaðarins vegna endurbóta, sem gerðar voru á árinu 1966. Eftirstöðvar, 30 m.kr., skyldu greiðast með árlegum 10 m.kr. greiðslum á árunum 1967 til 1969.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur nú starfað í 4 ár. Hefur stjórn sjóðsins leitast við að einbeita starfsemi hans að fáum verkefnum, þar sem um er að ræða nýjungar í tækni og vinnubrögðum, er geta haft verulega aukningu framleiðni í för með sér. Hefur stjórn sjóðsins talið, að með þessu móti mætti búast við, að það takmarkaða fjármagn, sem sjóðurinn hefði yfir að ráða, gæti komið að verulegum notum. Einkum eru það þrjú verkefni, sem unnið hefur verið að á þessu tímabili:

- 1) Tankvæðing í sambandi við mjólkurflutninga.
- 2) Tæknibúnaður sláturhúsa í sambandi við nýjar vinnuaðferðir við slátrun.
- 3) Rannsóknir á bættri vinnutilhögum í gripahúsum.

Af hálfu sjóðsstjórnarinnar hefur verið aflað ítarlegra upplýsinga um þessi mál og álit fengið frá sérfróðum mönnum. Þá hefur, fyrir tilverknað stjórnar sjóðsins, farið fram sérstök athugun á endurnýjun og tæknibúnaði sláturhúsa og verið samin um þau mál ítarleg skýrsla ásamt tillögum um fyrsta áfanga um uppbyggingu sláturhúsa. Þessar tillögur eru nú í endurskoðun með tilliti til breyttra viðhorfa í efnahagsmálum.

Í samræmi við þau meginsjónarmið, sem hér hefur verið lýst og sjóðsstjórnin markaði í upphafi, hefur því fé, sem sjóðurinn hefur haft til umráða, verið varið til útlána og styrkveitinga fyrst og fremst í þeim þremur greinum, sem áður eru nefndar. Hefur þremur mjólkurbúum á Suð-Vesturlandi verið veitt lán til tankvæðingar, að upphæð samtals 7 900 þús. kr. Þá hefur sex sláturhúsum verið veitt lán eða fyrirheit um lán, að uppfylltum vissum skilyrðum, til endurbyggingar og tæknibúnaðar í sláturhúsum, að því tilskildu, að Stofnlánadeild landbúnaðarins veiti samhliða lán til framkvæmdanna. Enn fremur hefur einum aðila, er framleiðir tæknibúnað fyrir sláturhús, verið veitt lán. Samtals nema þessi lán á árunum 1967 til 1969 12 980 þús. kr.

Fjórum aðilum hafa verið veittir styrkir til rannsókna á vinnutilhögun í gripa- og mjólkurhúsum, samtals að upphæð 1 290 þús. kr. Meginhluti upphæðarinnar hefur gengið til Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins, en allar eru þessar rannsóknir framkvæmdar undir eftirliti hennar.

Auk þessara þriggja meginverkefna hefur sjóðurinn veitt Búnaðarfélagi Íslands lán til byggingar djúpfrystistöðvar að upphæð 2 m.kr., og Ræktunarsambandi Austurlands lán að upphæð 2 m.kr., til fjárhagslegrar endurskipulagningar í sambandi við sameiningu ræktunarsambanda á Austurlandi í eitt samband.

Meðfylgjandi tafla sýnir yfirlit yfir lánveitingar á árinu 1967—1969, sbr. fylgiskjal.

Eins og getið er um í upphafi var stofnfé sjóðsins ákveðið 50 m.kr. Af þessari upphæð var, í samræmi við ákvæði laganna, úthlutað 20 m.kr. í desember 1966, sem óafturkræfum styrk til mjólkurvinnslustöðva, samkvæmt tillögu Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Á árinu 1967 til 1969 hefur sjóðurinn fengið til umráða á hverju ári 10 m.kr. af fjárveitingum, eða alls 30 m.kr. Auk þess hefur sjóðurinn haft um 2.5 m.kr. tekjur af vöxtum. Hefur ráðstöfunarfénu verið varið til útlána og styrkveitinga, eins og þegar hefur verið lýst. Samtals nema útláanin um 25 m.kr., en styrkveitingarnar 1.3 m.kr. Alls hefur verið ráðstafað til útlána og styrkveitinga 26.2 m.kr. Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins, þar með talinn kostnaður vegna sérstakra athugana, sem framkvæmdar hafa verið, hefur numið 500 þús. kr. á þessum þremur árum. Í árslok 1969 átti sjóðurinn bankainnistæðu að upphæð um 12 m.kr., en af henni hafði 6 m.kr. verið ráðstafað til útlána. Ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1970 mun því nema um 8 m.kr., þ. e. a. s. um 6 m.kr. sem nú er óráðstafað af fjárveitingum fyrri ára og um 2 m.kr. í vaxtatekjum og endurgreiðslu fyrri lána.

Mikilvægt verður að teljast, að sú starfsemi, sem hafin hefur verið á vegum sjóðsins, geti haldið áfram. Uppbygging og tæknivæðing sláturhúsanna er enn á frumstigi og þýðingarmikið er, að sú forusta, sem framleiðnisjóðurinn hefur veitt í þessu máli, geti haldizt og unnt sé að veita viðbótarlán til framkvæmda umfram venjuleg lán Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Árangur tankvæðingar hefur verið góður og ástæða er til að styðja áframhaldandi útbreiðslu hennar. Mikilvægt er, að framhald verði á þeim rannsóknum, sem hafnar hafa verið. Þá koma ný rannsóknarverkefni stöðugt á dagskrá. Miklu máli skiptir, að einhver aðili sé starfandi, er hafi þann sveigjanleika í starfsemi sinni, sem framleiðnisjóðurinn hefur, til þess að stuðla að könnun og eflingu mikilvægra nýjunga.

Starfsemi sjóðsins gat haldið áfram á árinu 1970, þar sem sjóðurinn hafði nokkuð fjármagn enn til ráðstöfunar. Til þess að frekara framhald geti þar á orðið, verður aukning stofnfjárframlags hins vegar að koma til. Í þessu frumvarpi er lagt til, að stofnfjárframlagið verði aukið um 50 m.kr., eða um 10 m.kr. á ári á næstu 5 árum. Með þessu móti gæti sjóðurinn haldið áfram starfsemi sinni, bæði að þeim verkefnum, sem hann hefur starfað að fram að þessu, og tekið að sér ný verkefni, eftir því sem ástæða gefst til.

#### Fylgiskjal.

##### Lán og styrkir Framleiðnisjóðs landbúnaðarins 1967, 1968 og 1969.

	Þús. kr.
Heimilistankar .....	7 900
Tæknibúnaður sláturhúsa .....	12 980
Djúpfrystingarstöð .....	2 000
Endurskipulagning ræktunarsambanda .....	2 000
Rannsóknir á vinnutilhögun í gripa- og mjólkurhúsum (styrkir) .....	1 290
<b>Alls</b>	<b>26 170</b>